

# Kennsluáætlun í samfélagsfræði skólaárið 2023-2024

## 4. - 7. bekkur

**Kennari:** Sigríður Anna Emilsdóttir

Samfélagsfræðikennsla í 4.-7. bekk í Grunnskóla Öndarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Hæfniviðmið samfélagsgreina er skipt í þrjú flokka: **Reynsluheim, hugarheim og félagsheim**. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnisþætti og koma sumir þeirra ítrekað fyrir.

**Reynsluheimur:** *Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.*

**Hugarheimur:** *Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.*

**Félagsheimur:** *Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.*

*Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.*

### **Kennsluáðferðir:**

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám og eru leikir og spil mikið nýtt sem kennsluáðferð með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera samfélagsfræði að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nemendur fá tækifæri til samvinnu, samræðu, að lesa upphátt og segja frá og er lögð áhersla á orðaforðavinnu. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið: Örnefnaverkefni, Þorrinn/gömlu mánuðirnir, , umhverfisvika, mismunandi trúarbrögð, nemendaping, Unnið með gildi skólans: Gleði, metnaður, virðing ábyrgð.

Notast er við: Spil-lestrarbækur-myndbönd-hlusturnarefni-dagblöð-útprentanlegt efni af vef, lesskilningsverkefni o.fl.

**Námsmat:** Námsmatið tengist lykilhæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

## Reynsluheimur

*Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann*

### Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.
- Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.
- Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heimnum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.
- Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.
- Notað mikilvæg hugtök við að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.
- Lýst náttúruferlum, sem hafa áhrif á land og gróður.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.

## Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.

## Hugarheimur

*Sjálfsmynd: Hæfni nemandar til að átta sig á sjálfum sér og öðrum*

### Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
- Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynd, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
- Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.
- Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.

## Leiðir að markmiðum

- Nemendur vinna verkefni þar sem þeir segja frá sjálfum sér og sínu nærumhverfi, finna "ræturnar".
- Tímaritsgreinar og fréttir og unnið með efni úr þeim.
- Þemaverkefni þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga og finna lykilatriði í texta sem nýtist þeim í verkefninu.

# Félagsheimur

*Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra*

## Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Borðið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.
- Tekið þátt í samræðu um stöðu síða sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðlímynda.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum
- Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

## Leiðir að markmiðum

- Leikir og spil þar sem nemendur þurfa að tala saman og taka tillit hvert til annars
- Frjálsar umræður í tíma með áherslu á orðaforða.
- Verkefni með upplestri og kynningu í lokin.